

Mánudagurinn 29. mars 1999 kl. 09:30

125. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 13/1999

**Erindi Knattspyrnufélags Reykjavíkur um heiti  
hlutafélagsins Fram – Fótbalafélags Reykjavíkur**

**I.**

**Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 16. nóvember 1998, frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur þar sem andmælt er heiti hlutafélagsins „*Fram – Fótbalafélag Reykjavíkur*“ sem skráð var hjá Hlutafélagaskrá 18. september sl. Vísad er til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 málinu til stuðnings, einkum 20., 21. og 25. gr.

Í erindinu kemur fram að Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafi verið stofnað árið 1899 og hafi þá heitið „*Fótbalafélag Reykjavíkur*“. Árið 1915 hafi nafninu verið breytt í núverandi mynd. Breytingin hafi verið af málfarsástæðum, merkingin sé sú sama þar sem um samheiti sé að ræða. Þá segir í erindinu:

„*Knattspyrnufélag Reykjavíkur telur að hætta sé á ruglingi milli þess og „Fram – Fótbalafélags Reykjavíkur“, sbr. til hliðsjónar ákvæði 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaða nr. 45/1997. Hér er um að ræða heiti sem hafa nákvæmlega sömu merkingu og standa fyrir nákvæmlega sömu starfsemi, þ.e. rekstur knattspyrnufélags. Þetta á ekki síst við þegar heiti félaganna eru þydd yfir á erlend tungumál, svo sem ensku, en bein þýðing á heitinu „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ er „Reykjavík Football Club“. Þýðing á heitinu „Fram – Fótbalafélag Reykjavíkur“ yrði nákvæmlega hin sama. Á það skal sérstaklega bent að Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefur jafnan notað heitið „Reykjavík Football Club“ við keppni og alla starfsemi erlendis... Tilgangur stofnenda hlutafélagsins „Fram – Fótbalafélag Reykjavíkur“ með skráningu þess heitis er vafalaust sá að viðkomandi félag hyggur á hlutafjárútboð með erlendan markað í huga og að það sjái sér því hag í að hafa sama/keimlikt heiti og Knattspyrnufélag Reykjavíkur á erlendum vettvangi.“*

Knattspyrnufélag Reykjavíkur telur að notkun á heitinu „Fótbaltafélag Reykjavíkur“, hvort heldur á íslensku eða ensku, brjóti í bága við ákvæði 20. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti. Þá telur félagið að notkun umrædds heitis veiti rangar og villandi upplýsingar um starfsemina og sé fallið til að hafa áhrif á eftirspurn og framboð á starfsemi félagsins sbr. 21. gr. Sérstaklega bendir félagið á 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga þar sem segir að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Þá vísar félagið á 25. gr. samkeppnislaga og þá sérstaklega 2. mgr. þar sem segir að ekki megi nota auðkenni sem maður á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Síðan segir:

*„Enginn vafí getur leikið á skilyrðislausum rétti Knattspyrnufélags Reykjavíkur til þess auðkennis, sem það hefur notað um hartnær aldarskeið. Notkun stofnenda „Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur“ á því heiti er því einungis til þess fallin að skapa rugling í huga almennings, og ekki síst erlendra fjárfesta, um þá starfsemi sem hér er á ferðum.“*

Loks er þess farið á leit að Samkeppnisstofnun hlutist til um að stofnendur Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur reki ekki starfsemi undir því heiti.

## II. Málsmeðferð

### 1.

Hinn 23. nóvember 1998 var erindið sent Fram – Fótbaltafélagi Reykjavíkur til umsagnar. Svar barst frá lögmanni félagsins, Sveini Andra Sveinssyni hdl., dags. 14. desember 1998. Þar er í upphafi vísað til þess að samkvæmt hlutafélagalögum sé þeim sem telji skráningu hlutafélags varða hagsmuni sína tryggð úrræði til að hnekkja skráningu, þ.e. að beina kvörtun til Hlutafélagaskrár.

Í bréfinu kemur fram að á þeim tíma sem Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafi heitið „Fótbaltafélag Reykjavíkur“ hafi Fram heitið „Fótbaltafélagið Fram Reykjavík“. Fram hafi breytt nafni sínu í knattspyrnufélag á undan Knattspyrnufélagi Reykjavíkur.

Þá er því mótmælt að þýðing á Fram – Fótbaltafélagi Reykjavíkur sé nákvæmlega sú sama og á Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, þ.e. „*Reykjavík Football Club*“. Íslensku nöfnin séu ekki þau sömu og þýðingin því önnur. Enskt heiti Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur sé „*Fram – FC Reykjavík*“ og hafi það komið fram við skráningu hlutafélagsins. Í bréfinu er því jafnframt mótmælt að einstök orð séu tekin út úr heildarheitinu og borin saman við nöfn annarra félaga. Þannig heiti Framrarar Knattspyrnufélagið Fram og það sama eigi við um önnur félög. Þá sé fráleitt að einhverjir hafi einkarétt á að kenna sig við Reykjavík. Jafnframt er bent á að fjöldi íslenskra íþróttafélaga noti skammstöfunina FC fyrir „*Football Club*“ í erlendum samskiptum. Síðan segir:

„*Kjarni málsins er að svo lengi sem Fram nafnið kemur fyrir í heitinu, er engin ruglingshætta.*“

Einnig kemur fram að umræða um hlutafjárútboð Fram á erlendum markaði eigi ekki við rök að styðjast. Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hafi ákveðið að bjóða út nýtt hlutafé á innlendum markaði. Á Íslandi geri allir sér ljóst hver sé munurinn á Fram og Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Þá segir í bréfinu:

„*Einkennileg er sú röksemdafærsla að ruglingshætta sé á nöfnunum í skilningi samkeppnislagu vegna þess að fótbaltafélag og knattspyrnufélag séu samheiti. Samkvæmt þessu mætti ekki nota nafnið Knattspyrnufélagið Fálki, þar sem valur og fálki er nafnið á sama fuglinum...*

Í ljósi ofangreinds telur undirritaður útilokað að tilgreind ákvæði samkeppnis-laga eigi við.“

## 2.

Svar Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur var sent Knattspyrnufélagi Reykjavíkur til umsagnar, hinn 14. desember 1998. Svar Knattspyrnufélags Reykjavíkur er dags. 15. janúar 1999. Í svarinu er því mótmælt að Fram hafi heitið „*Fótbaltafélagið Fram Reykjavík*“ og að Fram hafi orðið fyrra til að taka upp nafnið knattspyrnufélag. Vísað er til bókarinnar *Fram í 80 ár* þar sem segir að félagið hafi í upphafi heitið „*Kári*“ sem síðan hafi verið breytt í „*Fram*“. Jafnframt kemur fram að Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafi í upphafi beint máli þessu til Hlutafélagaskrár. Meðal gagna sem fylgdu bréfi félagsins kemur fram að Hlutafélagaskrá vísar Knattspyrnufélagi Reykjavíkur á dómstóla til úrlausnar á þessu ágreiningsefni.

Knattspyrnufélag Reykjavíkur ítrekar að félagið telji ruglingshættu annars vegar á heitinu Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur og hins vegar á heitinu Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Jafnframt sé heitið villandi. Knattspyrnufélag Reykjavíkur vísar til blaðagreina, íslenskra og erlendra, þar sem kemur fram að misskilningur hafi þegar átt sér stað vegna áþekkra nafna félaganna. Þá er einnig ítrekað að forráðamenn Fram hafi fullyrt að horft væri til samstarfs við erlent knattspyrnufélag. Þessu til stuðnings fylgdi málsgönum afrit af blaðagrein þar sem þetta kemur fram. Einnig er vísað til auglýsingar Fram, frá því í desember sl., um hlutafjárútboð félagsins en þar er undirskriftin einungis merki Fram og þar til hliðar stendur „Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“. Þá segir í bréfinu:

„Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefur aldrei haldið því fram að það eigi almennt einkarétt á að kenna sig við Reykjavík, né einkarétt á að nota orðin „FC“. Málið snýst um hvort heitið „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ njóti verndar skv. samkeppnislögum og meginreglum auðkennisréttar á afmörkuðu sviði þ.e. þegar um rekstur knattspyrnufélags er að ræða. Það eigi ekki að vera unnt að bæta orði aftan við eða framan við heiti félags, nota orð yfir starfsemina sem sannanlega er samheiti yfir þessa tilteknu starfsemi, og kenna sig síðan við sama sveitarfélagið. Á sama hátt nýtur verndar auðkennaréttar erlendis að skeyta „FC“ framan eða aftan við borg... Hætt er við að eigendum Apóteks Reykjavíkur brygði ef farið væri fram á skráningu á heitinu Lyfjaverslun Reykjavíkur, Safamýri.“

Knattspyrnufélag Reykjavíkur vísar til að erlendis sé Fram ekki skráð sem „Fram – FC Reykjavík“ heldur einungis „Fram – Reykjavík“. Þar sé um grundvallarmun að ræða. Þá segir:

„Að lokum skal bent á að formaður Knattspyrnufélagsins Fram hefur staðfest í samtali við Morgunblaðið þann 8. desember 1998 að félagið hefði lagt inn beiðni í september sama ár til Einkaleyfastofu um skráningu á heitunum „Fótbaltafélag Reykjavíkur“ og „FC Reykjavík“ einum og sér!

Með hliðsjón af framansögðu sér Knattspyrnufélag Reykjavíkur sig því knúið til að leita allra þeirra leiða sem færar eru til að vernda aldargamla notkun á heiti sínu.“

### 3.

Hinn 18. janúar 1999 var framangreint bréf Knattspyrnufélags Reykjavíkur sent lögmanni Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur til umsagnar. Jafnframt voru honum send til umsagnar frekari gögn sem Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafði sent Samkeppnisstofnun 24. nóvember 1998. Svar lögmannsins er dagsett 28. janúar sl. Í upphafi er þar vísað til myndar af verðlaunabréfi ÍSÍ frá 1911 til handa Fótbaltafélaginu „Fram“ Reykjavík. Bréf þetta telur lögmaðurinn sýna að Fram hafi heitið „Fótbaltafélagið Fram Reykjavík“ á sama tíma og Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafi heitið „Fótbaltafélag Reykjavíkur“.

Í bréfinu segir að Framrar geti ekki borið ábyrgð á þeirri ruglingshættu sem stafí af því hvað blaðamenn kalli félagið. Þá er bent á að í auglýsingu Fram frá desember sl. um hlutafjárútboð, sé Fram-nafnið ekki tekið út úr heiti félagsins heldur sé nafnið í merki félagsins notað. Þá segir:

*„Varðandi meinta ruglingshættu erlendis skal látið nægja að vísa til þeirra gagna sem kærandi hefur lagt fram, þar sem fram kemur að Fram hefur verið skráð undir nafninu Fram Reykjavík. Menn hljóta því að spyrja hvort að meint ruglingshætta aukist um allan helming þó stöfunum FC sé skeytt á milli.*

*Kærandi byggir á því að heitið „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ njóti verndar á afmörkuðu sviði – þ.e. þegar um er að ræða knattspyrnufélag og að sú vernd komi til skjalanna þó öðrum nöfnum sé bætt við sem og einnig þegar um samheiti er að ræða. Þessu verður undirritaður að mótmæla. Í fyrsta lagi nær verndun auðkennaréttarins til hins samsetta nafns í heild sinni, en ekki einstakra hluta þess. Í öðru lagi fellur verndunin niður ef hið verndaða nafn kemur einungis fram sem hluti af lengra nafni. Í þriðja lagi fer því fjarri að auðkennaverndin nái til samheita...*

*Tulkun kæranda á hugtakinu FC í samhengi við borgarheiti er mótmælt; það er í raun enginn munur á nöfnunum Fram Reykjavík og Fram FC Reykjavík; í báðum tilvikum kennir félagið sig við Reykjavík...“*

Að lokum segir í bréfi lögmannsins:

*„Það skal að endingu áréttar, að ruglingshættan er engin, því að sjálfsögðu er áfram keppt í knattspyrnu undir merkjum Knattspyrnufélagsins Fram, Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf. er rekstrarfélag sem ekki tekur þátt í neinni keppni þar sem Knattspyrnufélag Reykjavíkur er þáttakandi.“*

#### **4.**

Með bréfi, dags. 4. mars 1999, óskaði Knattspyrnufélag Reykjavíkur eftir því að koma að viðbótargögnum í málinu. Í bréfinu bendir félagið á að frá því að það lagði fram greinargerð sína í málinu séu tvö dæmi úr Morgunblaðinu, þ.e. frá 30. janúar og 3. mars 1999, þar sem heitinu „Fram“ er sleppt og einungis ritað „Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ Að mati félagsins renni þetta enn frekar stoðum undir þá skoðun Knattspyrnufélags Reykjavíkur að með tíð og tíma muni heitið „Fram“ falla út og látið nægja að rita „Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ Einnig fylgja bréfinu endurrit frá Einkaleyfastofu um umsókn á vörumerkinu „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ dags. 17. apríl 1997 og staðfesting þess efnis í ELS tíðindum. Þá fylgja einnig með endurrit af umsóknum Knattspyrnufélags Reykjavíkur til Einkaleyfastofu [...]<sup>1</sup>

Með bréfi, dags. 9. mars 1999 var lögmanni Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur tilkynnt um fyrrgreint bréf Knattspyrnufélags Reykjavíkur frá 4. mars 1999. Var bréfið ásamt hluta fylgigagna sent lögmanninum.

#### **5.**

Í málinu liggja fyrir umsóknir Fram – Fótbaltafélags Reykjavíkur ehf. (nú hf.) [...]<sup>2</sup>

### **III. Niðurstöður**

#### **1.**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 29. mars 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Óðinn Elísson og Halldór Birgisson.

#### **2.**

Af hálfu kvartanda í máli þessu, Knattspyrnufélags Reykjavíkur, er andmælt heiti hlutafélagsins Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur. Byggir kvartandi andmæli sín á ákvæðum VI. kafla samkeppnislaga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, einkum 20., 21. og 25. gr. Þá byggir kvartandi á meginreglum auðkennirséttar um ruglingshættu milli auðkenna. Kvartandi telur að hætta sé á

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar

ruglingi milli heitanna „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ og „Fram – Fótboltafélag Reykjavíkur hf.“. Hér sé um að ræða heiti sem hafa nákvæmlega sömu merkingu og standa fyrir nákvæmlega sömu starfsemi. Þetta eigi ekki síst við þegar heiti félaganna eru þýdd yfir á erlend tungumál. Af hálfu Fram – Fótboltafélags Reykjavíkur hf. er því hins vegar haldið fram að þýðing heitisins „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ sé allt önnur en nafnsins „Fram – Fótboltafélag Reykjavíkur hf.“. Svo lengi sem Fram nafnið komi fram í heitinu sé engin ruglingshætta, hvort sem um sé að ræða á íslensku eða ensku.

20. gr. samkeppnisлага hljóðar svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eithvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í 21. gr. segir m.a.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

25. gr. hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnisлага kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Í greininni felast í raun tvær efnisreglur. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. vörumerki sem annar á. Í seinni málslið er rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkennið þannig að

leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Ákvæði 25. gr. samkeppnisлага tekur þ.a.l. til tilvika þar sem réttur til auðkenna er óumdeildur.

Kwartandi byggir mál sitt m.a. á því að ruglingshætta á heitunum „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ og „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ eigi ekki síst við þegar fyrrgreind heiti eru þýdd yfir á ensku eða þegar heitið „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“, er birt með þeim hætti að orðið „Fram“ er inni í merki félagsins en „Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ standi svo undir. Hjá Einkaleyfastofunni eru nú til umsóknar eftirfarandi auðkenni [...]<sup>3</sup>

Samkvæmt framansögðu og fyrrgreindri túlkun á 25. gr. er réttur aðila í máli þessu til þeirra auðkenna sem hér er gerð grein fyrir óljós. Að svo búnu máli eru ekki lögmæt skilyrði til þess að fjalla efnislega um ruglingshætta vegna framsetninga þeirra með umræddum hætti. Með skráningarumsóknum aðila máls þessa, hefur þeim þætti ágreiningsefna er lýtur að vörumerkjunum, verið markaður fastur farvegur til lögmætrar úrlausnar á vettvangi stjórnsýslunnar. Ákvarðanir Einkaleyfastofunnar liggja hins vegar ekki fyrir. Fyrr en að þær ákvarðanir hafa verið teknar verður ekki skorið úr því á vettvangi samkeppnisyfirvalda, hvort notkun umræddra vörumerkja samrýmist samkeppnislögum. Hins vegar verður ekki talið að ágreiningur um notkun á heitum félaganna á ensku sé til meðferðar hjá öðrum stjórnvöldum, þ.e. sá þáttur er varðar skrifaðan texta eingöngu.

Í máli þessu liggur fyrir að „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ er skráð hlutafélag hjá Hlutafélagaskrá, sbr. skráningu frá 18. október 1998. Þá liggur einnig fyrir að vörumerkið „KR – Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ er skráð hjá Einkaleyfastofunni. Þar eru félagasamtökin „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ einnig skráð. Ágreiningur um fyrrgreind réttindi er ekki til úrlausnar hjá öðrum stjórnvöldum né heldur hjá dómstólum. Það er því á færi samkeppnisyfirvalda að leysa úr því hvort að notkun heitisins „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ brjóti gegn rétti „Knattspyrnufélags Reykjavíkur“, með því að valda ruglingi þannig að varði við samkeppnislög.

Eins og áður hefur komið fram felur fyrri málslíður 25. gr. samkeppnisлага í sér bann við því að nota auðkenni sem annar á. Samkvæmt skráningu Hlutafélagaskrár er „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ skráð félag. Á

---

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar

félagið því rétt til að starfa undir því nafni, enda hefur þeirri skráningu ekki verið hnekkt. Af þeirri ástæðu á 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga ekki við í máli þessu að svo stöddu.

Ákvæði seinni málslíðar 25. gr. samkeppnislaga tekur hins vegar til þess tilviks sem hér um ræðir. Þar er eins og áður segir rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Kemur þá til skoðunar hvort að notkun nafnsins „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ sé með þeim hætti að villst verði á því og auðkennunum „Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ eða „KR – Knattspyrnufélag Reykjavíkur“ (KR inni í merki félagsins). Í því sambandi koma til skoðunar áhrif þess að fyrrgreind heiti eru þýdd yfir á ensku.

Kvartandi hefur máli sínu til stuðnings bent á dæmi þess úr fjölmiðlum þar sem heitinu „Fram“ er sleppt og einungis ritað „Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ Ekki er talið skipta máli fyrir úrslit þessa máls hvernig einstaka blaðamenn rita nafn félagsins „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ í greinum sínum í dagblöðum.

Að mati samkeppnisráðs eru auðkenni þessi það frábrugðin að ekki verður villst á þeim, enda er heitið „Fram“ skrifað með skírum hætti í nafni félagsins „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“. Tilvísun til þess í nafni félagsins að það sé fótbaltafélag frá Reykjavík veldur ekki hættu á ruglingi í þessu samhengi, enda alþekkt að félög kenni sig við íþrótt sína og uppruna að viðbættu tilteknu auðkennandi nafni. Svo lengi sem „Fram“ nafnið kemur fyrir í heitinu er engin hætta á ruglingi. Með vísan til sömu sjónarmiða verður ekki talið að þýðing fyrrgreindra heita yfir á ensku valdi hættu á ruglingi. Telst nafngiftin „Fram – Fótbaltafélag Reykjavíkur hf.“ því ekki brot á 25. gr. samkeppnislaga. Með vísan til sömu sjónarmiða verður ekki talið að um brot á 20. eða 21. gr. laganna sé að ræða.

## VI. Ákvörðunarorð:

„**EKKI** er tilefni til afskipta samkeppnisráðs í máli þessu.“